



# Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. júní 2022



**vísir**



**SPORT**

**BYLGJAN**  
989



**ENDOR**



# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Könnunaráritun óháðs endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10
<b>Viðauki:</b>	
Ársfjórðungsyfirlit	14

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Sport, Bylgjuna, Vísi, FM957, Xið og fleiri landsþekktu miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi og dótturfélagsins Endor ehf. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélags þess, Endor ehf., ásamt hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

## Niðurstaða ársheimingsins

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 11.691 millj. kr. Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 273 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 32.528 millj. kr. 30. júní 2022. Eigið fé samstæðunnar þann 30. júní 2022 nam 8.888 millj. kr. Þar af nam hlutfé 2.684 millj. kr. Eiginfjárlutfallið 30. júní 2022 var 27,3%.

Tekjur félagsins hækkðu um 13,6% á milli ársheiminga. Hækkunin skýrist helst af góðum vexti í farsímatekjum, aðallega vegna aukningar í IoT og reikitekjum en til viðbótar tvöfaldast tekjur Endor á milli tímabila. Tekjur af auglýsingum halda áfram að aukast og eru nú hærri en fyrir heimsfaraldur. Framlegðarhlutfall hækkar á milli tímabila þrátt fyrir að framlegð af starfsemi Endor sé lægri en af starfsemi móðurfélagsins. Rekstarkostnaður stendur í stað á milli tímabila á meðan verðbólga hefur aukist. Þetta skilar sér í hækkun rekstrarhagnaðar en hann var 723 m.kr. á fyrri ársheimingi ársins 2022, sem er hækkun um 739 m.kr. frá sama tímabili árið 2021.

## Niðurfærsla hlutfjár

Þann 12. apríl var hlutfé félagsins lækkað í samræmi við fjölda eigin hluta. Í ársbyrjun 2022 ákvað stjórn að setja í gang endurkaupaáætlun sem hófst með öfugu útboði þann 7. janúar og lauk 9. janúar. Til viðbótar voru sett í gang regluleg endurkaup sem stóðu yfir frá 13. janúar til 3. mars. Félagið keypti í heild 28.064.512 hluti eða 9,47% af útgefnu hlutfé fyrir 1.860 millj. kr. Á aðalfundi félagsins þann 18. mars var samþykkt tillaga stjórnar um að lækka hlutfé í samræmi við fjölda eigin hluta. Eftir lækkunina þann 12. apríl eru útgefnir hlutir í félaginu 268.376.962.

## Breyting á eignarhaldi og starfslok forstjóra

Þann 24. júlí seldi Heiðar Guðjónsson forstjóri öll hlutabréf í Sýn hf. sem hann átti í gegnum eignarhaldsfélag sitt Ursus ehf. Í kjölfarið sagði hann starfi sínu upp en mun áfram sinna starfsskyldum sínum á samningsbundnum uppsagnarfresti þar til nýr forstjóri hefur verið ráðinn.

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2022 ásamt rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2022.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2022

## Í Stjórn

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir, varaformaður

Jóhann Hjartarson

Páll Gíslason

Sesselía Birgisdóttir

## Forstjóri

Heiðar Guðjónsson

## Fjárhagslegar lykiltölur

	2022 2F	2021 2F	2022 6M	2021 6M
<b>Fjárhagsupplýsingar</b>				
Heildartekjur	6.009	5.289	11.691	10.289
Rekstrarhagnaður (tap)	322	( 58)	723	( 16)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	96	( 155)	355	( 399)
Hagnaður (tap) tímabilsins	66	( 117)	273	( 348)
Hagnaður (tap) á hlut	0,12	( 0,42)	0,79	( 1,32)
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum	454	360	740	592
Fjárfestingar í sýningarrétti	555	541	1.086	1.117
Handbært fé frá rekstri	1.580	1.431	2.688	1.975
<b>Frammistöðumat</b>				
EBITDA tímabilsins	1.607	1.488	3.317	2.876
EBITDA hlutfall tímabilsins	26,7%	28,1%	28,4%	28,0%
Frjálst fjárflæði (FCF)*	800	1.736	1.284	1.611
	30.06. 2022	31.03. 2022	31.12. 2021	30.06. 2021
Hreinar vaxtaberandi skuldir	15.605	15.813	14.073	14.115

\*Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádrögnum fjárfestingahreyfingum.

# Könnunaráritun óháðs endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Sýnar hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Sýnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuárshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2022 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS34 eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Reykjavík, 30. ágúst 2022

**Deloitte ehf.**

Jóhann Óskar Haraldsson  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2022

	Skýr.	2022 2F*	2021 2F*	2022 6M	2021 6M
Seldar vörur og þjónusta	5	6.009	5.289	11.691	10.289
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	6	( 4.124)	( 3.759)	( 7.790)	( 7.134)
<b>Framlegð</b>		1.885	1.530	3.901	3.155
Rekstrarkostnaður	7	( 1.563)	( 1.588)	( 3.178)	( 3.171)
<b>Rekstrarhagnaður / (tap)</b>		322	( 58)	723	( 16)
Fjármunatekjur		9	6	30	11
Fjármagnsgjöld		( 248)	( 145)	( 469)	( 289)
Gengismunur		13	22	71	68
Hrein fjármagnsgjöld		( 226)	( 117)	( 368)	( 210)
Áhrif hlutdeildarféлага		0	20	0	( 173)
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>		<b>96</b>	<b>( 155)</b>	<b>355</b>	<b>( 399)</b>
Tekjuskattur		( 30)	38	( 82)	51
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>		<b>66</b>	<b>( 117)</b>	<b>273</b>	<b>( 348)</b>
<i>Rekstrarliðir færðir á eigið fé sem síðar kunna að vera endurflokkaðir í rekstur</i>					
Þýðingarmunur		( 35)	( 7)	( 61)	( 44)
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>		<b>31</b>	<b>( 124)</b>	<b>212</b>	<b>( 392)</b>
Hagnaður (tap) á hlut		0,12	( 0,42)	0,79	( 1,32)

\*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum.

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

# Efnahagsreikningur

30. júní 2022

	Skýr.	30.6.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Leigugeignir		7.971	8.049
Rekstrarfjármunir		3.209	3.212
Viðskiptavild		8.847	8.888
Aðrar óefnislegar eignir		4.408	4.469
Eignahlutir í félögum	9	67	62
Tekjuskattsinneign		25	26
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>24.527</b>	<b>24.706</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Sýningarréttir		1.652	1.762
Birgðir		585	356
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	3.512	5.463
Handbært fé		2.252	4.214
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>8.001</b>	<b>11.795</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>32.528</b>	<b>36.501</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé		2.684	2.964
Yfirverðsreikningur hlutfjár		885	2.465
Annað eigið fé		30	69
Óráðstafað eigið fé		5.289	5.037
<b>Eigið fé</b>		<b>8.888</b>	<b>10.535</b>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir		4.936	4.965
Leiguskuldbindingar		11.308	11.393
Aðrar langtímaskuldir		180	180
Tekjuskattsskuldbinding		89	19
<b>Langtímaskuldir samtals</b>		<b>16.513</b>	<b>16.557</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir		475	723
Leiguskuldbindingar		1.138	1.206
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	11	5.514	7.480
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>7.127</b>	<b>9.409</b>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>23.640</b>	<b>25.966</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>32.528</b>	<b>36.501</b>

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

# Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2022

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Annað eigið fé Þýðingar- munur	Bundinn reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samts
<b>1.1. til 30.6.2021</b>						
Eigið fé 1.1.2021	2.964	2.465	163	147	2.810	8.549
Tap tímabilsins	-	-	-	-	( 348)	( 348)
Þýðingarmunur	-	-	( 44)	-	-	( 44)
<b>Helldarafkoma tímabilsins</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>( 44)</b>	<b>0</b>	<b>( 348)</b>	<b>( 392)</b>
Þýðingarmunur færður út vegna sölu	-	-	( 73)			( 73)
Hagnaður hlutdeildarf.og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	( 54)	54	0
<b>Eigið fé 30.6.2021</b>	<b>2.964</b>	<b>2.465</b>	<b>46</b>	<b>93</b>	<b>2.516</b>	<b>8.084</b>
<b>1.1. til 30.6.2022</b>						
Eigið fé 1.1.2022	2.964	2.465	49	20	5.037	10.535
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	273	273
Þýðingarmunur	-	-	( 61)	-	-	( 61)
<b>Helldarafkoma tímabilsins</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>( 61)</b>	<b>0</b>	<b>273</b>	<b>212</b>
Keypt eigin bréf	( 280)	( 1.580)	-	-	-	( 1.860)
Hagnaður hlutdeildarf.og dótturf. umfram arðgr.	-	-	-	22	( 22)	0
<b>Eigið fé 30.6.2022</b>	<b>2.684</b>	<b>885</b>	<b>( 12)</b>	<b>42</b>	<b>5.289</b>	<b>8.888</b>

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.



# Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 30. júní 2022

	Skýr.	2022 2F	2021 2F	2022 6M	2021 6M
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi</b>		66	( 117)	273	( 348)
<b>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</b>					
Söluhagnaður		0	0	( 2)	0
Afskriftir	8	1.285	1.546	2.594	2.892
Hrein fjármagnsgjöld		226	117	368	210
Áhrif hlutdeildarféлага		0	( 20)	0	173
Tekjuskattur		30	( 38)	82	( 51)
<b>Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt</b>		<b>1.607</b>	<b>1.488</b>	<b>3.315</b>	<b>2.875</b>
<b>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</b>					
Birgðir, breyting		( 128)	7	( 221)	( 41)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		297	( 161)	1.893	( 238)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		34	239	( 1.873)	( 343)
<b>Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt</b>		<b>1.810</b>	<b>1.572</b>	<b>3.114</b>	<b>2.254</b>
Innborgaðar vaxtatekjur		9	5	30	10
Greidd vaxtagjöld		( 241)	( 146)	( 456)	( 289)
Greiddur tekjuskattur		2	0	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>1.580</b>	<b>1.431</b>	<b>2.688</b>	<b>1.975</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>					
Keyptur eignarhlutur	9	( 1)	0	( 6)	0
Sala eignarhluta	9	0	1.065	0	1.065
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		( 251)	( 52)	( 419)	( 171)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		( 203)	( 308)	( 321)	( 421)
Fjárfesting í sýningarrétti		( 555)	( 541)	( 1.086)	( 1.117)
Sala rekstrarfjármuna		0	0	2	0
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<b>( 1.010)</b>	<b>164</b>	<b>( 1.830)</b>	<b>( 643)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>					
Afborganir langtímalána		( 119)	( 668)	( 237)	( 839)
Rekstrarlán		0	( 475)	( 40)	( 325)
Afborgun leiguskuldbindinga		( 288)	( 285)	( 672)	( 584)
Keypt eigin bréf		0	0	( 1.860)	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>( 407)</b>	<b>( 1.428)</b>	<b>( 2.809)</b>	<b>( 1.748)</b>
<b>Breyting á handbæru fé</b>		163	167	( 1.951)	( 416)
Handbært fé í byrjun tímabils		2.093	240	4.214	831
Áhrif gengisumreiknings dótturfélags á handbært fé		( 4)	( 5)	( 11)	( 13)
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>		<b>2.252</b>	<b>402</b>	<b>2.252</b>	<b>402</b>

Skýringar á bls. 10-13 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareiknings félagsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

Sýn hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Sýn hf. veitir einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum alhliða fjarskipta-, fjölmiðla, og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2+, Vísir, Bylgjan, FM957, X 977 og dótturfélagið Endor ehf. Félagið á í fjölbættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 hefur að geyma árshlutareikning félagsins, dótturfélag þess, Endor ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

## 2. Reikningsskilin

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um árshlutareikninga skráðra félaga. Samstæðuárshlutareikningur félagsins 1. janúar til 30. júní 2022 er kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreiknings fyrir árið 2021. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2021. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins [www.syn.is](http://www.syn.is) og á vef Kauphallar Íslands; [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

### b. Mat stjórnenda á reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Það er mat stjórnenda að mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda sé óverulegur.

## 3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

## 4. Starfspáttayfirlit

Samstæðan skilgreinir starfspáttu eftir innri upplýsingagjöf til stjórnenda og telst samstæðan í heild vera einn starfspáttur.

## 5. Seldar vörur og þjónusta

	2022	2021	2022	2021
Seldar vörur og þjónusta greinast þannig:	2F	2F	6M	6M
Vörusala	323	311	597	604
Seld þjónusta	5.686	4.978	11.094	9.685
Seldar vörur og þjónusta samtals	6.009	5.289	11.691	10.289

	Fjöl- miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Hýsingar- og rekstrar lausnir	Vörusala	Aðrar tekjur	Samtals
<b>1.1. til 30.6.2022</b>								
Tekjur	4.254	2.231	2.683	251	1.329	597	346	11.691
<b>1.1. til 30.6.2021</b>								
Tekjur	4.070	2.261	2.000	274	665	604	415	10.289

## Skýringar, frh.:

### 6. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2022 2F	2021 2F	2022 6M	2021 6M
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	2.577	1.963	4.636	3.743
Laun og launatengd gjöld	610	562	1.225	1.136
Eignfærð laun	( 63)	( 25)	( 98)	( 62)
Afskriftir	1.000	1.260	2.027	2.317
<b>Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals</b>	<b>4.124</b>	<b>3.759</b>	<b>7.790</b>	<b>7.134</b>

### 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2022 2F	2021 2F	2022 6M	2021 6M
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	369	326	775	682
Sölu- og markaðskostnaður	73	127	153	245
Laun og launatengd gjöld	908	904	1.834	1.769
Eignfærð laun	( 72)	( 55)	( 151)	( 99)
Afskriftir	285	286	567	575
<b>Rekstrarkostnaður samtals</b>	<b>1.563</b>	<b>1.588</b>	<b>3.178</b>	<b>3.171</b>

### 8. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:	2022 2F	2021 2F	2022 6M	2021 6M
Afskriftir rekstrarfjármuna	223	251	442	508
Afskriftir óefnislegra eigna	180	181	360	362
Afskriftir afnotaréttar	284	285	596	569
Afskriftir sýningarréttar	598	829	1.196	1.453
<b>Afskriftir samtals</b>	<b>1.285</b>	<b>1.546</b>	<b>2.594</b>	<b>2.892</b>

### 9. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Bókfært verð 1.1.	39	1.375
Seldir eignarhlutir	0	( 1.103)
Áhrif hlutdeildarféлага	( 1)	( 251)
Fjárfesting á árinu	1	18
<b>Bókfært verð eignarhluta í hlutdeildarfélögum samtals</b>	<b>39</b>	<b>39</b>
Eignarhlutir í öðrum félögum	28	23
<b>Bókfært verð eignarhluta í félögum samtals</b>	<b>67</b>	<b>62</b>

## Skýringar, frh.:

### 10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur	3.097	3.326
Viðskiptakrafa vegna sölu óvirkra innviða	0	1.649
Aðrar skammtímakröfur	319	392
Leigukröfur	186	187
Niðurfærsla viðskiptakrafna	( 90)	( 91)
<b>Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals</b>	<b>3.512</b>	<b>5.463</b>

### 11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	30.6.2022	31.12.2021
Viðskiptaskuldir	3.828	3.867
Ógreiddur virðisaukaskattur	283	360
Ógreiddur virðisaukaskattur vegna sölu óvirkra innviða	0	1.649
Fyrirfram innheimtar tekjur	403	485
Ógreiddur áfallinn kostnaður og aðrar skammtímaskuldir	1.000	1.119
<b>Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals</b>	<b>5.514</b>	<b>7.480</b>

### 12. Önnur mál

Syn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir í íslenskum fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áþreifanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Hér að neðan er gerð grein fyrir málum sem fengu framgang á reikningstímabilinu og eftir atvikum eftir reikningsskiladag. Að öðru leyti vísast til skýringa í ársreikningi vegna rekstrarársins 2021:

#### **Síminn gegn Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofa), Sýn hf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (nú Ljósleiðarinn), og gagnsök**

Í málinu gerir stefnandi málsins, Síminn hf., aðallega kröfu um að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 10/2018 verði felld úr gildi í heild sinni. Til vara er gerð sú krafa að 6. t. ákvörðunarinnar, um álagningu stjórnvaldssektar á Símann, verði felldur úr gildi eða sektarfjárhæðin lækkuð. Þá er gerð krafa um að stefndu verði dæmd til greiðslu málkostnaðar.

Ágreiningur málsins lýtur fyrst og fremst að túlkun á ákvæði 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 og hvort Síminn hafi brotið gegn ákvæðinu með því að bjóða eingöngu upp á efnisveitu sína til þeirra sem keyptu fjarskiptaþjónustu hjá samstæðu Símans, með það að markmiði að ná viðskiptavinum í fjarskiptaþjónustu. Dómur féll í héraði 1. júlí 2020 þar sem stjórnvaldssekt skv. ákvörðun PFS var lækkuð en að öðru leyti var kröfum Símans hafnað. Sýn áfrýjaði málinu til Landsréttar, sem og Síminn og PFS. Dómkröfur félagsins fyrir Landsrétti voru að sýknað yrði af öllum kröfum Símans í héraði og að Síminn yrði dæmdur til að greiða félaginu málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti. Með dómi Landsréttar, sem kveðinn var upp þann 24. júní 2022, voru áfrýjendur Sýn og PFS sýknuð af öllum kröfum Símans. Málskostnaður í héraði og fyrir Landsrétti féll niður. Síminn hefur óskað eftir áfrýjunarleyfi frá Hæstarétti.

Það leiðir af dómi Landsréttar, verði honum ekki hnekk, að upphafleg ákvörðun PFS er staðfest og Síminn talinn hafa fullframið brot á 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga. Jafnframt kann dómurinn að treysta grundvöll skaðabótakrafna á hendur Símanum, sbr. umfjöllun að neðan.

# Skýringar, frh.:

## 12. Önnur mál, frh.:

### Skaðabótakröfur gegn Símanum hf.

Sýn hf. hefur fyrir héraðsdómi gert skaðabótakröfu á hendur Símanum hf. vegna fjártjóns sem Síminn hafi valdið félaginu í tengslum við brot gegn 5. mgr. 45. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Lýtur málið að tjóni sem félagið telur sig hafa orðið fyrir vegna háttsemi Símans á tímabilinu frá 1. okt. 2015 til 1. des. 2017.

Félagið hefur einnig lagt fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna vegna þess tjóns sem það varð fyrir vegna háttsemi og markaðsaðgerða Símans, m.a. í tengslum við brot gegn 5. mgr. 45. gr. fjölmiðlalaga, vegna tímabilsins frá 2. des. 2017 til 31. des. 2019. Dómkvaddir matsmenn skiluðu mati sínu þann 3. ágúst sl. og töldu fjárhagslegt tjón félagsins á tímabilinu 1. október 2015 til 31. desember 2019 samtals nema allt að 270.027.938 krónum.

### Krafa á Ingibjörgu Pálmadóttur, Jón Ásgeir Jóhannesson og 365 hf.

Sýn hf. höfðaði mál fyrir héraðsdómi og gert fjárkröfu á hendur 365 hf., Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Ingibjörgu Stefaníu Pálmadóttur. Aðilar gerðu með sér samning um kaup félagsins á umfangsmikilli starfsemi stefnda 365 hf. Í samningnum var að finna ákvæði um hömlur á samkeppni af hálfu stefndu og jafnframt ákvæði um dagsektir/févíti yrði brotið gegn samkeppnisákvæðum. Undirgengust bæði 365 hf. og svo þeir sem stóðu að hinum keypta rekstri persónulega skuldbindingar hvað þetta varðaði. Dómkrafan byggir á því að brotið hafi verið gegn samkeppnisákvæðunum og að stefndu beri sameiginlega ábyrgð á þeim brotum. Gerir félagið kröfu um greiðslu dagsekta/févítis skv. fortaklausum ákvæðum í samningi aðila og nemur dómkrafan 1.698.810.718 krónum auk vaxta og dráttarvaxta eins og greinir í stefnu málsins. Þá gerir félagið kröfu um málskostnað in solidum úr hendi stefndu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 14. júlí 2022, voru stefndu sýknuð af kröfum Sýnar og stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað. Sýn hefur áfrýjað málinu til Landsréttar og gert sömu dómkröfur og í héraði.

## Mál fyrir eftirlitsstofnunum

### Kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna ólögmætrar ríkisaðstoðar

Þann 23. febrúar 2021 sendi félagið kvörtun til ESA vegna ólögmætrar ríkisaðstoðar til handa Farice ehf. sem hvorki hafði verið tilkynnt eða samþykkt af stofnuninni. Ríkisaðstoðin varðaði greiðslur á grundvelli þjónustusamnings sem ekki voru í samræmi við efni þjónustusamningsins og aðra fjármuni sem höfðu runnið til Farice ehf. vegna undirbúnings á lagningu nýs fjarskiptasæstrengs. Kvörtunin er enn til athugunar hjá Eftirlitsstofnun ESA.

### Áfrýjun ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA í máli frá 26. mars 2021 vegna ríkisaðstoðar til Farice ehf. fyrir þriðja fjarskiptasæstrenginn milli Íslands og Evrópu.

Þann 26. mars 2021 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA að aukning hlutafjár í Farice ehf. um 50 milljónir evra, til að fjármagna megi sæstreng milli Íslands og Írlands, samræmdist ríkisaðstoðarreglum EES samningsins.

Sýn taldi að ákvörðun ríkisins um að fela Farice lagningu sæstrengsins feli hins vegar í sér ólögmæta ríkisaðstoð og skaut ákvörðuninni til EFTA-dómstólsins.

Með dómi EFTA dómstólsins, sem kveðinn var upp 1. júní 2022, ógilti dómstóllinn ákvörðun ESA. ESA hafði komist að þeirri niðurstöðu að um ríkisaðstoð væri að ræða í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, en að stofnunin teldi ekki vafa leika á um að hún væri samrýmanleg framkvæmd samningsins með vísan til c-liðar 3. mgr. 61. gr. samningsins. Dómstóllinn féllst ekki á mat ESA á síðastnefndu atriði og ógilti ákvörðun ESA. Jafnframt var ESA dæmd til greiðslu málskostnaðar.

Á hverjum tíma kunna ýmis mál mál rekin fyrir hinum ýmsu innlendu eftirlitsaðilum. Í engu tilviki hafa verið boðaðar sektarákvarðanir eða aðrar mjög íþyngjandi aðgerðir.

Á þessum tímavarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöðu í mál, ásamt því að mál geta þróast í ólíkar áttir. Vegna þess hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins.



## Ársfjórðungsfirlit\*

	2021	2021	2021	2021	2022	2022
	1F	2F	3F	4F	1F	2F
<b>Seldar vörur og þjónusta</b>	<b>5.000</b>	<b>5.289</b>	<b>5.533</b>	<b>5.943</b>	<b>5.682</b>	<b>6.009</b>
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	( 3.375)	( 3.759)	( 3.654)	( 3.884)	( 3.666)	( 4.124)
<b>Framlegð</b>	1.625	1.530	1.879	2.059	2.016	1.885
Hagnaður af sölu óvirkra innviða	-	-	-	2.552	-	-
Rekstrarkostnaður	( 1.583)	( 1.588)	( 1.457)	( 1.731)	( 1.615)	( 1.563)
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>	42	( 58)	422	2.880	401	322
Fjármunatekjur	5	6	5	6	21	9
Fjármagnsgjöld	( 144)	( 145)	( 146)	( 178)	( 221)	( 248)
Gengismunur	46	22	( 70)	20	58	13
Hrein fjármagnsgjöld	( 93)	( 117)	( 211)	( 152)	( 142)	( 226)
Áhrif hlutdeildarféлага	( 193)	20	0	( 78)	0	0
Tekjuskattur	13	38	( 39)	( 374)	( 52)	( 30)
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>( 231)</b>	<b>( 117)</b>	<b>172</b>	<b>2.276</b>	<b>207</b>	<b>66</b>
Þýðingarmunur vegna erlends dótturf.	( 37)	( 7)	19	( 89)	( 26)	( 35)
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<b>( 268)</b>	<b>( 124)</b>	<b>191</b>	<b>2.187</b>	<b>181</b>	<b>31</b>
EBITDA	1.388	1.488	1.886	4.222	1.710	1.607
EBITDA %	27,8%	28,1%	34,1%	71,0%	30,1%	26,7%
EBITDA aðlöguð fyrir sölu óvirkra innviða	1.388	1.488	1.886	1.670	1.710	1.607

\*Ársfjórðungslegar upplýsingar hafa ekki verið kannaðar af endurskoðendum